

á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda 5 200 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

3. Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búíð er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 5 200 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.
4. Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda 3 500 kr.
5. Fyrir undirboðsþing skal greiða 3 500 kr.

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða 1 500 kr. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða 2 100 kr.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| 1. Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir | kr. 1 700 |
| 2. Notarialvottorð á arfleiðsluskrár | — 2 800 |
| 3. Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | — 1 700 |
| 4. Dráttur í happdrætti | — 7 000 |
| 5. Útdráttur skuldabréfa | — 3 500 |

8. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 79 23. desember 1975 um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978, öðlast gildi 15. mars 1979. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 9 24. janúar 1978 um dómsmálagjöld o. fl., og reglugerð nr. 220 12. júní 1978 um breytingu á reglugerð nr. 9 24. janúar 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1979.

F. h. r.

Baldur Möller.

Hjalti Zóphóniasson.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland á vetrarvertíð 1979.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 8. mars 1979 eru allar loðnuveiðar bannaðar á vetrarvertíð 1979 austan 22° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Dórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns,
nr. 217 14. maí 1976.**

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 1 135.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 4 185.00 fyrir hvert skip, auk kr. 10.50 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.